

við frv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. 1. málsg. orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, íslensk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslensk varðskip. Þó skulu yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðum, er þau eru aðilar að, tryggðir í þeim sjóðum. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
 - b. 3. málsliður 2. málsg. falli niður.
 - c. Síðasti málsliður 4. málsg. orðist svo:

Sömu leiðis er stjórninni heimilt að leyfa útgerð að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð eða flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar, og skylt er að tryggja slíka menn áfram hjá sjóðnum, meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn.
2. Við 10. gr.
 - a. 2. málsg. orðist svo:

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á skipum, sem 2. málsg. 2. gr. tekur til, skulu reiknast af launum eftir því, sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma.
 - b. 3. málsg. („Fjárhæðir þessar“ o. s. frv.) falli niður.
3. Við 12. gr. 2. málsg. orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.7.
4. Við 14. gr. Í stað 1. málsliðar 5. málsg. komi tveir málsliðir, er orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka hans hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9.
5. Við 23. gr. Í stað „árslok 1972“ á tveimur stöðum komi: árslok 1973, — og í stað „árslok 1973“ á tveimur stöðum komi: árslok 1974.
6. Á eftir 23. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Sjóðfélaga eða maka hans, sem nýtur eftirlauna samkv. lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, skal frá 1. janúar 1985, er greiðslur samkv. þeim lögum falla niður, tryggður áfram sami réttur með greiðslum úr þessum sjóði. Sama gildir, ef hlutaðeigandi sjómaður á ekki aðild að neinum lífeyrissjóði, en hefði verið gjaldskyldur til þessa sjóðs, svo framarlega sem ákvæði laga þessara hefðu verið í gildi á þeim tíma, er hann lét af starfi.
7. Við 24. gr. Í stað „1. janúar 1973“ komi: 1. janúar 1974.
8. Fyrstu tveir málsliðir ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Ellí-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971 eða $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna í ársbyrjun 1972, sbr. 11. gr. og 2. málsg. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna í ársbyrjun 1973, og árið 1974 skulu þær miðast við grundvallarlaun 1969—1973 eða $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna í ársbyrjun 1974.